

HULA - byggðasamlag um sorpmeðferð
Austurvegi 17
870 Vík

Selfoss, 13.8.2024
UST202401-282/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 1. júlí 2024 - Hula bs., Skógarsandi, ID nr. 52

Þann 1. júlí sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Hulu bs. á Skógarsandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Opin eru fimm eldri frávík úr eftirliti ársins 2023 og var einu eldra frávíki lokað með eftirliti ársins 2024. Sjá eftirfarandi:

- 1.** Gr. 1.2 í starfsleyfi. Á Skógasandi voru urðuð 768,840 tonn af úrgangi árið 2022, sem fer 92,2% umfram heimild í starfsleyfi (400 tonn). **Í eftirliti ársins 2024 kemur fram frávík sem snýr einnig að urðun umfram heimild (sjá neðar). Á meðan vinna stendur enn yfir varðandi breytingu á starfsleyfi, er ekki hægt að loka frávíkinu (sjá nánari umfjöllun í meðfylgjandi skýrslu). Frávík telst ólokið.**
- 2.** Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal halda athafnasvæði urðunarstaðar snyrtilegu ásamt því að aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður. Umgengni á urðunarstað telst ekki góð og auðvelt er að komast inn svæðið þar sem aðgengi er ótakmarkað. **Við eftirlit nú var ljóst að mikil framför hefur orðið á ásynd svæðis, takmörkun aðgengis og að veruleg breyting hefur orðið á verklagi vegna móttöku úrgangs til urðunar (sjá nánari umfjöllun í skýrslu). Samræmist það því sem kveðið er á um í starfsleyfi og telst því frávíkinu lokið.**
- 3.** Gr. 2.4 í starfsleyfi. Engin viðbragðsáætlun er til staðar. Rekstraraðila ber að gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 18 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. **Skv. greinagerð rekstraraðila sem barst þann 12. september 2023 er honum ekki kunnugt að gerð hafi verið viðbragðsáætlun vegna urðunarstaðarins. Frávíki er ólokið.**

4. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Við móttöku úrgangs skal fara fram sjónrænt mat svo úrgangur samræmist móttökuskilyrðum. Úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum úrgangs skal hafnað. Einnig skulu skráningar á magni og tegundum úrgangs vera í samræmi við flokkun í reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang. **Vinnur rekstraraðili að því að koma þessu í betra horf og verður tekið út í næstu skilum á ársupplýsingum, þ.e. 1. maí 2025. Nýr verktaki hefur nú þegar bætt þessum lið inn í verklag hjá sér.**

5. Gr. 5.1/5.2 í starfsleyfi. Skráningar innra eftirlits, það vantar skráningar á liðum 3.-7., ásamt veðurfarsmælingum. Það má styðjast við upplýsingar frá nálægri veðurstöð. Rekstraraðili skal vakta grunnvatn, þ.e. stöðu og samsetningu grunnvatns ásamt mengunarefnum í jarðvegi. Að auki skal skrá eftirlit, viðhald og tæmingar á olíuskilju sem tengist stöfnunarstöð sbr. 3.6 í starfsleyfi. **Mannvit (nú COWI) hefur haldið utan um sýnatökur og upplýsingar vegna sýnatakna sbr. 5.2 í starfsleyfi. Ber rekstraraðila að sjá til þess að upplýsingum sé skilað og innan tilskilins tímafrests. Skil rekstraraðila þurfa að fara eftir þeim kröfum sem gilda um skráningar innra eftirlits, sbr. 5.1 í starfsleyfi til að teljast fullnægjandi, vantar inn upplýsingar um sigmælingar og veðurfarsupplýsingar. Fékk rekstraraðili leiðbeiningar varðandi sigmælingar í eftirliti þessa árs. Frávik telst ólokið þar til skráningum verður skilað í samræmi við kröfur í starfsleyfi.**

6. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1., fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár og er hann einn ábyrgur fyrir skilum á öllum skráningum er falla undir starfsleyfið. **Á þessu ári voru skiladagar ársins vegna upplýsinga ársins 2023 ekki virtir og telst því eldra frávik enn opið.**

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

Sjá þarf til þess að úrgangur sé skráður í samræmi við reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs og hafa til hliðsjónar þegar skil fara fram í gagnagátt Umhverfisstofnunar. Skrá skal magn og tegundir úrgangs í samræmi við þá flokkun sem þar kemur fram. (Sjá nánar undir gr. 4.1. í starfsleyfi).

Fjögur frávik komu fram nú er varða:

- 1.** Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimild til urðunar í starfsleyfi er 400 tonn á ári (hámark 10 tonn á dag). Samkvæmt upplýsingum úr gagnagátt Umhverfisstofnunar voru urðuð 917 tonn árið 2023. Eru það 517 tonn umfram heimild starfsleyfis.
- 2.** Gr. 2.4 í starfsleyfi. Viðbragðsáætlun er ekki til staðar. Viðbragðsáætlun byggir á áhættumati sem unnið er vegna mögulegrar bráðamengunar frá

starfseminni, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004.

- 3.** Gr. 5.1 í starfsleyfi. Skila skal skráningum í samræmi við þá þætti sem eru teknir fram í eftirfarandi grein og undirköflum. Upplýsingum um úrgang sem tekið hefur verið á móti var skilað eftir eftirlit sem og niðurstöðum sýnatakna (1 og 7).
- 4.** Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003. Afrit skal sent á heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Sjá yfirlit yfir skiladaga í Viðauka I. Var skiladagur ekki virtur.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. september 2024.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur